

Ingólfsfjall

Þótt Ingólfur Arnarson hafi tekið sér bólfestu í Reykjavík og búið þar til æviloka, eru engin örnefni þar sem við hann eru kennd. Samkvæmt Landnámabók kom hann fyrst að landi við Ingólfshöfða og dvaldi þar fyrsta veturinn. Annan veturinn dvaldi hann við Hjörleifshöfða, en sumarið eftir hélt hann af stað vestur með ströndinni og “var inn þriðja vetur undir Ingólfsfelli fyrir vestan Ölfusá, þar sem sumir segja hann sé heygður”. Engin skýring er til um það, hversvegna Ingólfur dreif sig ekki vestur yfir Hellisheiði þá strax um haustið, fyrst öndvegissúlurnar voru þá fundnar. En það er önnur saga. Ef frásögn Landnámabókar, sem hér er vitnað til er sönn, má hiklaust fullyrða, að Ingólfur hafi einhvern góðviðrisdag gengið upp á fjallið meðan húskarlar hans unnu að skálasmiði, til að litast um. Að þessu sinni skulum við feta í fótspor Ingólfs, skreppa á fjallið og virða fyrir okkur það útsýni sem forðum blasti við honum.

Ingólfsfjall er hæst 551 m y.s. Það er hömrum girt að mestu nema að norðanverðu, þar eru aflíðandi brekkur upp að fara. Fyrrum, þegar mest allt Suðurlandsundirlendið var sjávarbotn, gekk sjór allt upp að Ingólfsfjalli og brotnaði hafaldan þá á þessum klettum. Að ofan er fjallið flatt. Það er um 3 km frá vestri til austurs en um 5 km frá norðri til suðurs.

Við hefjum gönguna skammt frá Hvammi í Ölfusi og tókum stefnuna á Kaldbak, en svo nefnist lítið fell, sem gengur þar vestur úr Ingólfsfjalli. Þarna var fyrrum mjög fjölfarin leið úr Ölfusi um skarðið milli Kaldbaks og Bjarnafells norður í Grafning og svo áfram. Skarðið heitir Grafningsháls. Í bók sinni Byggð og saga leiðir próf. Ólafur Lárusson rök að því, að fyrrum hafi þetta skarð verið nefnt Grafningur, en er tímar liðu hafi nafnið færst af skarðinu og yfir á sveitina fyrir norðan.

Kaldbakur er 311m y.s. Af honum er gott útsýni yfir meginhluta Ölfussins. En áfram skal halda. Eins og fyrr er nefnt er fjallið flatt að ofan, er því ekki um neinn ákveðinn útsýnisstað að ræða, heldur verður að ganga brúnir þess, til að fá sem besta yfirsýn. Því tókum við stefnuna á Grænhól. Af honum blasir við meginhluti Grafningsins og Sogið allt frá Úlfjótuvatni að mótum Hvítár. Austan við Sogið er Grímsnesið og þar eru Seyðishólar, Tjarnhólar og Kerið sem eru fornar eldstöðvar og blasa við augum. Það hraun sem frá þeim kom (Grímsneshraunin) rann að hluta til austurs og suðurs. Hraktist Sogið þá uppundir fjallið og í þann farveg, sem það rennur um nú. Álftavatn er stöðuvatn fyrir norðan fjallið. Sogið rennur í gegn um það. Þótt ótrúlegt sé, er aðeins eitt vað á Soginu og er þá farið yfir Álftavatn.

Frá Grænhól göngum við suður brúnirnar og þaðan á klettinn Inghól, sem er hæsti staðurinn á fjallinu og lítur út eins og smápúfa úr byggð að sjá. Þjóðsagan segir að þar sé legstaður Ingólfs Arnarsonar. Menn höfðu hug á að finna sannanir fyrir því og þessvegna tóku nokkrir menn sig til, fóru upp á fjallið með graftól og byrjuðu að grafa. Brátt komu þeir niður á kistu eina mikla. Brugðu þeir böndum undir hana og ætluðu að hefja upp, en kistan sat föst. Þá sagði einn: “Nú tekst það með guðs hjálp”. Skipti það engum togum að kistan losnaði og lyftist. Þá sagði annar: “Nú tekst það, hvort sem guð vill eða ekki”. Þá þyngdist kistan skyndilega, böndin slitnuðu og hún féll til botns. Í sömu andrá sópaðist allur uppgröfturinn ofan í gröfina og allt leit út eins og áður. Mennirnir urðu dauðskelfdir og flúðu í dauðans ofboði. Síðan hefur ekki verið grafið í Inghól.

Leiðin liggur nú suður fjallið. Útsýnið er frábært, Selfoss, Flóinn og strandlengjan austur undir Eyjafjöll með Vestmannaeyjar sem útverði við hafið. Nær er Ölfusið, útgerðarbæirnir við hafið, ströndin út með Reykjanesinu og svo allur fjallahringurinn sem ógjörningur er upp að telja í stuttu máli.

Við veljum niðurgönguleið á suðvesturhorni fjallsins. Efst við brúnina þarf að viðhafa nokkra aðgæslu, einkum vegna lausra steina á móberginu, en með varúð er ekkert að óttast.

Vestan við fjallið er toppmyndaður hóll, sem heitir Kögunarhóll (útsýnishóll). Sagan segir, að þetta sé mannvirki frá dögum Ingólfs Arnarsonar, því hann hafi dregið skip sitt þangað upp, komið því þar fyrir og hulið með jarðvegi.

(Mbl. 8. ágúst 1981)